

Haustönn 2022

Bekkjarnámskrá

7. - 8. bekkur

Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson
LAUGALANDSSKÓLI Í HOLTUM

Efnisyfirlit

Almennt.....	3
Íslenska 8. bekkur	3
Hæfniviðmið	5
Grunnþættir menntunar.....	5
Skipulag kennslunnar	6
Námsmat	7
Stærðfræði 8. bekkur.....	7
Náms- og kennslutilhögun	10
Hæfnisviðmið:.....	10
Grunnþættir menntunar.....	11
Skipulag kennslunnar	11
Námsmat	11
Námslýsing fyrir skólaárið	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Samfélagsfræði 8. bekkur	12
Hæfniviðmið	14
Grunnþættir menntunar –.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Skipulag kennslunnar	14
Námsmat	14
Náttúrufræði 8. bekkur	15
Námsefni	15
Hæfniviðmið	15
Grunnþættir menntunar	15
Skipulag kennslunnar	15
Námsmat	15
Enska 8. bekkur.....	16
Hæfniviðmið	16
Grunnþættir menntunar	16
Skipulag kennslunnar	17
Námsmat	17
Danska 8. bekkur	19
Hæfniviðmið	19
Grunnþættir menntunar	19
Skipulag kennslunnar	19

Námsmat	19
Skólaíþróttir.....	20
Hæfniviðmið	21
Grunnþættir menntunar	21
Skipulag kennslunnar	21
Námsmat	21
Art – lífsleikni.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Hæfniviðmið.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Skipulag kennslunnar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

Bekkjarnámskrá

7. - 8. bekkjar

Almennt

Í 8. bekk eru 8 nemendur.

Í 7. bekk eru 8 nemendur.

Lykilhæfni er metin þvert á námsgreinar á sérstöku námsmatsblaði.

Valgreinar má finna í sér skjali, fyrir 7. – 10. bekk.

Umsjónarkennari er Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Lestur 7. - 8. bekkur

Kennari: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Lestrartímar fara fram fimm sinnum á viku, hluta hvers tíma.

Hæfniviðmið

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- tjái sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum,
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

Sjálfbærni: Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit

til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tífínningar nemenda fá notid sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærrí mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjálfadar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólk, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslum þeirra.

Jafnrétti: Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fá notað sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglíngum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

Heilbrigði og velferð: Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

Sköpun: er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

Skipulag kennslunnar

Nemendur lesa ýmist í hljóði fyrir sjálfan sig eða upphátt fyrir kennara eða aðra samnemendur. Stundum lesa nemendur ólíkar bækur, stundum sömu bækurnar eða ljóð. Af og til verða unnin verkefni upp úr lesefni hvers tíma. Nemendur munu jafnframt koma reglulega fram fyrir hverja aðra og æfa framsögn og tjáningu. Nemendur ræða saman um málefni sem upp koma og æfa þannig rökræður og samskiptahæfileika.

Námsefni

Frjálslestrarbækur, ljóð, smásögur og annað efni frá kennara

Námsmat

Yfir veturinn eru framfarir metnar: Nemendur taka lestrarpróf að hausti, í byrjun janúar og í maí. Fleiri lestrarpróf verða lögð fyrir ef þurfa þykir. Lesferill MMS er lagður fyrir.

Íslenska 8. bekkur

Kennari: Fjóla Kristín B. Blandon

Fimm kennslustundir á viku

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- auki skilning sinn á mikilvægi siðferðis í samskiptum á samskiptamiðlum
- geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
- tjái sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- æfist í að gagnrýna texta sem þeir lesa á vefmiðlum og samskiptamiðlum

Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- lesi leikþætti og læri nokkur valin ljóð
- auki orðaforða sinn í íslensku
- velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- þekki nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð

Ritun

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í
- greinarmerkjasetningu
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafi fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- kunni að ganga frá texta og geti nýtt sér stafsetningarorðabækur
- auki færni sína til að skila frá sér texta á rafrænu formi.

Málfræði

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- öðlist færni í að greina nafnorð og lýsingarorð
- beiti þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo
- sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

Sjálfbærni: Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lífandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tífningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærri mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjálfðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslum þeirra.

Jafnrétti: Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notið sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þrskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglíngum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

Heilbrigði og velferð: Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan þekkingaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

Sköpun: er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

Skipulag kennslunnar

Kennslan byggist að mestu upp á einstaklingsvinnu þar sem hver og einn er með námsefni við hæfi og vinnur á þeim hraða sem honum hentar. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og stafsetningar og æfingar gerðar út frá þeim. Nemendur eru með bækur til að lesa heima og í skólanum og lesa upphátt fyrir kennara eftir því sem því verður við komið. Nemendur lesa sameiginlega bækur og vinna verkefni úr þeim. Nemendur gera eina kjörbókarskýrslu á hverri önn og vinna hana að mestu heima. Nemendur koma reglulega fram fyrir hverja aðra og æfa framsögn og tjáningu. Nemendur ræða saman um málefni sem upp koma og æfa þannig rökræður og samskiptahæfileika.

Námsefni

Hver nemandi fær Málið í mark – Sagnorð og Málið í mark – Óbeygjanleg orð.

Unnið er með ólíka bókmenntatexta úr ýmsum bókum og úr greinum af netinu. Nemendur vinna með eigin texta og æfa framsögn og rökræður.

Nemendur lesa saman söguna **Benjamín dúfa** eftir Friðrik Erlingsson eða **Arfurinn** eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Tekin verða próf úr fyrri og seinni hluta bókanna og unnið lokaverkefni.

Nemendur lesa saman Íslendingasögu og vinna verkefni henni tengdri.

Nemendur æfa lestur, skrift og stafsetningu jöfnum höndum allan veturinn. Einnig fá þeir þjálfun í heimildaritun skv. APA heimildaskráningu.

Áherslur eru misjafnar eftir aldri og þekkingu, þó stundum séu verkefni efnislega þau sömu.

Íslendingasögur, nýrri skáldsögur, og ljóðabækur verða notaðar til að vinna með ólíkar gerðir af bókmenntalegum texta. Auk þess munu nemendur vinna með margskonar texta, svo sem úr tímaritum, dagblöðum og af netinu. Þá vinna þeir með eigin texta og æfa lestur, skrift og stafsetningu jöfnum höndum allan veturinn.

Námsmat

Námsmat skiptist í sex þætti.

- **Kennaraeinkunn**, þar sem tekið er tillit til lykilhæfni, ástundunar og hegðunar, framfara og virkni yfir veturinn. **10% af lokaeinkunn**
- **Kjörbókarskýrsla** þar sem nemendur skrifa stutta skýrslu um bók að eigin vali með samþykki kennara. Gerð er krafa um að nemandi hafi ekki lesið bókina áður. Á hverri önn er skilað einni skýrslu og hafa nemendur fram að lokum annar til að skila skýrslunni. Unnið að mestu heima. **10% af lokaeinkunn**
- **Málfræði**, þar sem nemendur taka málfræðipróf og vinna verkefni. **20% af lokaeinkunn**
- **Sameiginleg bók/heimildavinna** snýr að því þegar nemendur lesa saman bók (Benjamín dúfa eða Arfurinn), Íslendingasögu eða vinna í heimildaverkefnum. Ýmis verkefni tengd sögunum sem reyna á sköpunarhæfni, rökhugsun, ályktunargetu og hæfniviðmið. **20% af lokaeinkunn**
- **Þemaverkefni** sem tengjast töluðu máli, áhorfi og hlustun, og verða þá lögð fyrir verkefni á borð við upplesur, hlustunarskilning, rökræður o.þ.h. **20% af lokaeinkunn**
- **Ritun og stafsetning** þar sem verða lögð fyrir verkefni og próf sem snúa að helstu ritunar- og stafsetningarreglum. **20% af lokaeinkunn**

Athygli er vakin á að síðustu fjórir þættirnir vega allir 20%. Er þetta sett upp í samræmi við hina fjóru flokka hæfniviðmiða Aðalnámskrár (sjá hér að ofan).

Íslenska 7. bekkur

Kennari: Fjóla Kristín B. Blandon

Fimm tímar á viku

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum.

Talað mál, hlustun og áhorf

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- auki skilning sinn á mikilvægi siðferðis í samskiptum á samskiptamiðlum
- geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi
- tjái sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- æfist í að gagnrýna texta sem þeir lesa á vefmiðlum og samskiptamiðlum

Lestur og bókmenntir

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- geri sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- lesi leikþætti og læri nokkur valin ljóð
- auki orðaforða sinn í íslensku
- velji sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- þekki nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð

Ritun

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- hafi náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- geti dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafi fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti
- kunni að ganga frá texta og geti nýtt sér stafsetningarorðabækur
- auki færni sína til að skila frá sér texta á rafrænu formi.

Málfræði

Stefnt er að því, með fjölbreyttum verkefnum og kennsluháttum, að nemendur:

- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- öðlist færni í að greina nafnorð og lýsingarorð
- beiti þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- þekki helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo
- sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Það að vera læs er meira en að kunna að kveða að og umskrá bókstafi yfir í hljóð. Það er kannski frekar að geta nýtt sér táknerfi ýmiskonar til þess að skapa merkingu og eiga í samskiptum. Læsi er því einnig að geta hlustað og meðtekið upplýsingar og komið frá sér því sem okkur liggur á hjarta á skilmerkilegan hátt.

Við erum að sífellt að skapa merkingu innra með okkur, móttaka upplýsingar og vinna úr þeim. Mikilvægi þess að nemendur afli sér þekkingar á fjölbreyttan hátt, fái síðan að vinna efni upp úr þeirri þekkingaröflun og skapa merkingabæra afurð er mikilvæg í íslensku sem öðrum greinum. Þá er ekki síður mikilvægt að nemendur fái að miðla þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt. Til dæmis í ræðu, riti sem og á stafrænan hátt eða með myndmáli.

Sjálfbærni: Eitt af markmiðum íslenskunnar er að gæta hennar og flytja hana til afkomenda okkar í sem bestu ástandi. Tungumál sem er notað daglega er lifandi og ávallt í þróun og því er mikilvægt að taka tillit til þess í allri kennslu. Í umræðum er þess gætt að gildi, viðhorf og tífningar nemenda fái notið sín og séu virtar af hópnum.

Lýðræði og mannréttindi; eru nátengd læsishugtakinu. Umræða og umfjöllun nemenda um málefni líðandi stundar sem hin stærrí mál eru forsenda þess að þau verði tilbúin til þess að taka þátt á virkan og ábyrgan hátt í lýðræðislegu samfélagi. Þetta er stór hluti af öllu námi barnanna hvort heldur sem er í íslensku eða öðrum greinum. Rökræður verða seint ofþjáfaðar.

Í öllum umræðum þarf að hafa opinn huga, vera tilbúinn að hlusta, ræða og læra. Mikilvægt er að taka á og fjalla um fordóma og staðal hugmyndir. Gæta þarf að orðum sínum og fjalla um málefni af virðingu og

með umburðarlyndi að leiðarljósi. Umhyggja er eitt lykilhugtak lýðræðisins og þá jafnt fyrir fólki, dýrum sem umhverfi.

Reynt er að koma til móts við nemendur með verkefnavali og útfærslum þeirra.

Jafnrétti: Mikilvægt er að fjölbreyttur nemendahópur fái notað sín sem best þannig að hver og einn hafi tækifæri til þess að þroskast á eigin forsendum.

Jafnrétti kynjanna er mikið í umræðunni og unglingum hugleikin. En það er ekki síður að huga að jafnrétti í víðara samhengi, varðandi til dæmis trúarbrögð, útlit, þjóðerni, kynhneigð eða félagslega stöðu.

Heilbrigði og velferð: Grunnur að því að nám eigi sér stað er að nemendum líði vel, hvort heldur líkamlega, andlega eða félagslega. Til þess þarf að skapa góðan bekkjaranda þar sem traust og virðing eru í hávegum höfð.

Sköpun; er eitt af lykilhugtökum íslenskukennslunnar. Í náminu felst að nema, vinna úr og miðla. Miðlunin er tengd sköpuninni og hvernig nemandi nær að nýta sér þekkingu sína við sköpun og miðlun hennar. Mikilvægt er að virkja sköpunarkraftinn hjá hverjum og einum þannig að hann nýtist við að skapa og miðla fjölbreyttum hugmyndum og verkefnum. Sköpun er þó ekki síður mikilvæg við að afla sér þekkingar en við miðlun hennar. Virk og skapandi hugsun getur gert mikið úr litlu.

Skipulag kennslunnar

Kennslan byggist að mestu upp á einstaklingsvinnu þar sem hver og einn er með námsefni við hæfi og vinnur á þeim hraða sem honum hentar. Farið er sameiginlega yfir ákveðna þætti málfræði og stafsetningar og æfingar gerðar út frá þeim. Nemendur eru með bækur til að lesa heima og í skólanum og lesa upphátt fyrir kennara eftir því sem því verður við komið. Nemendur lesa sameiginlega bækur og vinna verkefni úr þeim. Nemendur gera eina kjörbókarskýrslu á hverri önn og vinna hana að mestu heima. Nemendur koma reglulega fram fyrir hverja aðra og æfa framsögn og tjáningu. Nemendur ræða saman um málefni sem upp koma og æfa þannig rökræður og samskiptahæfileika.

Námsefni

Hver nemandi fær Málið í mark – fallorð og Málið í mark – Sagnorð.

Unnið er með ólíka bókmenntatexta úr ýmsum bókum og úr greinum af netinu. Nemendur vinna með eigin texta og æfa framsögn og rökræður.

Nemendur lesa saman söguna **Benjamín dúfa** eftir Friðrik Erlingsson eða **Arfurinn** eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Tekin verða próf úr fyrri og seinni hluta bókanna og unnið lokaverkefni.

Nemendur lesa saman Íslendingasögu og vinna verkefni henni tengdri.

Nemendur æfa lestur, skrift og stafsetningu jöfnum höndum allan veturinn. Einnig fá þeir þjálfun í heimildaritun skv. APA heimildaskráningu.

Áherslur eru misjafnar eftir aldri og þekkingu, þó stundum séu verkefni efnislega þau sömu.

Íslendingasögur, nýrri skáldsögur, og ljóðabækur verða notaðar til að vinna með ólíkar gerðir af bókmenntalegum texta. Auk þess munu nemendur vinna með margskonar texta, svo sem úr tímaritum, dagblöðum og af netinu. Þá vinna þeir með eigin texta og æfa lestur, skrift og stafsetningu jöfnum höndum allan veturinn.

Námsmat

Námsmat skiptist í sex þætti.

- **Kennaraeinkunn**, þar sem tekið er tillit til lykilhæfni, ástundunar og hegðunar, framfara og virkni yfir veturinn. **10% af lokaeinkunn**
- **Kjörbókarskýrsla** þar sem nemendur skrifa stutta skýrslu um bók að eigin vali með samþykki kennara. Gerð er krafa um að nemandi hafi ekki lesið bókina áður. Á hverri önn er skilað einni skýrslu og hafa nemendur fram að lokum annar til að skila skýrslunni. Unnið að mestu heima. **10% af lokaeinkunn**
- **Málfræði**, þar sem nemendur taka málfræðipróf og vinna verkefni. **20% af lokaeinkunn**
- **Sameiginleg bók/heimildavinna** snýr að því þegar nemendur lesa saman bók (Benjamín dúfa eða Arfurinn), Íslendingasögu eða vinna í heimildaverkefnum. Ýmis verkefni tengd sögunum sem reyna á sköpunarhæfni, rökhugsun, ályktunargetu og hæfniviðmið. **20% af lokaeinkunn**
- **Þemaverkefni** sem tengjast töluðu máli, áhorfi og hlustun, og verða þá lögð fyrir verkefni á borð við upplesur, hlustunarskilning, rökræður o.þ.h. **20% af lokaeinkunn**
- **Ritun og stafsetning** þar sem verða lögð fyrir verkefni og próf sem snúa að helstu ritunar- og stafsetningarreglum. **20% af lokaeinkunn**

Athygli er vakin á að síðustu fjórir þættirnir veга allir 20%. Er þetta sett upp í samræmi við hina fjóru flokka hæfniviðmiða Aðalnámskrár (sjá hér að ofan).

Stærðfræði 8. bekkur

Kennari: Jónas Bergmann Magnússon

Sex kennslustundir á viku

Náms- og kennslutilhögun

Hópinnlagnir við efnisatriði þar sem það á við annars einstaklingsinnlagnir, áhersla á samantektum (töflutímum) við lok hvers áfanga. 7., 8. og 9. bekk er kennt saman í einum námshópi.

Nemendur vinna með vasareiknum í öllum stærðfræðitímum.

Í lok hvers kafla verður lagt fyrir próf og stundum oftár.

Námshöfundur kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla: Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – Sjálfstæði og samvinnu – Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.

Hæfnisviðmið:

Að nemendur:

- nái valdi á hugtökum stærðfræðinnar og geti notað táknmál hennar
- nái það góðum tókum á völdum sviðum stærðfræðinnar að hún nýtist í daglegu lífi
- nái grunntökum á eftirtöldum þáttum og geti unnið með þá: rúmfræði, jöfnur, brot og prósentur og samband þar á milli, töflur og myndrit.
- -þekkt tölfræðilegar upplýsingar og geti lesið úr þeim.
- -leyst tölfræðilegar þrautir með því að beita rökhugsun.
- -þekkt brot sem hluta af heild. Geta skráð þau með almennum brotum, tugabrotum og prósentum.
- -bætt hæfni sína í flatarmáls og rúmmálsútreikningum.
- -lagt saman, dregið frá og margfaldað brot.

- -þekkt ýmsar myndir forma og geti lýst hlutum með tilliti til þeirra.
- -kynnst algebru og notkun formúla í daglegu lífi.

Grunnþættir menntunar

Læsi: Að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskrifa táknmál stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt henni í daglegu lífi

Sjálfbærni: Stærðfræði er mikilvægt til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsins t.d. sem tæki til að mæla losun úrgangs.

Lýræði og mannréttindi: Mikilvægt er að nemendur beri virðingu hver fyrir öðrum og áhugi nemenda á stærðfræði vakin og þeir beri ábyrgð á eigin námi.

Jafnrétti. Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnrétti sé gætt í hvívetna t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.

Heilbrigði og velferð: Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda.

Sköpun: Í stærðfræðinni er markvisst þjálfuð gagnrýn hugsun og til að uppgötva nýjar leiðir við úrlausn verkefna. Reynt að vekja forvitni þannig að nemendur takist á við áskoranir með opnum huga.

Skipulag kennslunnar

Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla I eftir Lars-Erik Björk o.fl., Skali 1 A eftir Grete N Tofteber og fl., heimadæmi og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (sjá t.d. rasmus.is og vefir.mms.is/staerdfraeditorg/midstig.html).

Námsmat

Kennaraeinkunn samanstendur af heimavinnu og vinnubók 5% og framkomu og vinnusemi í tímum 10% , kaflapróf 35% og lokapróf 50%.

Námsáætlun:

Vikan 24.-27. ágúst	Bls. 5-12
Vikan 30. ágúst – 3. september	Bls. 13-23
Vikan 6.-10. september	Bls. 24-30
Vikan 13.-17. september	Bls. 31-40
Vikan 20.-24. september	Bls. 41-48
Vikan 27. september – 1. október	Bls. 49-58
Vikan 4.-8. október	Bls. 59-64
Vikan 11.-15. október	Bls. 65-72
Vikan 18.-22. október	Bls. 73-85
Vikan 25.-29. október	Bls. 86-92
Vikan 1.-5. nóvember	Bls. 93-100
Vikan 8.-12. nóvember	Bls. 101-109
Vikan 15.-19. nóvember	Bls. 110-124

Vikan 22.-26. nóvember	Bls. 124-129
Vikan 29. nóvember – 3. desember	Bls. Aukaefni
Vikan 6.-10. desember	Undirbúningur fyrir póf og prófdagar
Vikan 13.-17. desember	Jólarí

Með fyrirvara um breytingar

Stærðfræði 7. bekkur

Kennari: Jónas Bergmann Magnússon

Fimm tímar á viku með 7. bekk

Hæfniviðmið

Kennslan miðast að því að nemandi geti/hafi:

- áttað sig á mikilvægi þess að kynna sér og skilja verkefnið til hlítar og hafa tamið sér að leita að spurningum og tilgátum sem skýra verkefnið
- tekið þátt í hóp að leysa verkefni með sínum eigin útfærslum.
- lesið og skrifað tölur, töluleg gögn og stærðfræðilegan texta (orðadæmi)
- skilið uppbyggingu metrakerfisins og tengsl þess við sætisrithátt, þekkja nokkrar algengustu einingar metrakerfisins (km, m, dm, cm, mm, l, dl, ml, kg, g, mg) í samhengi við eðlilega notkun í daglegu lífi og geta breytt á milli þeirra af öryggi
- -lært skemmtilega leiki þar sem beita þarf stærðfræði.
- -þekkt tölfræðilegar upplýsingar og geti lesið úr þeim.
- -leyst tölfræðilegar þrautir með því að beita rökhugsun.
- -þekkt brot sem hluta af heild. Geta skráð þau með almennum brotum, tugabrotum og prósentum.
- -bætt hæfni sína í flatarmáls og rúmmálsútreiknum.
- -lagt saman, dregið frá og margfaldað brot.
- -þekkt ýmsar myndir forma og geti lýst hlutum með tilliti til þeirra.
- -kynnst algebra og notkun formúla í daglegu lífi.

Skipulag kennslunnar

-Unnið er út frá áætlun í stærðfræði. Náist ekki að vinna samkvæmt áætlun þá þurfa nemendur að taka með sér heimanám.

-Hópinlagnir eru vegna ýmissa efnisatriða þar sem það á við, annars eru einstaklings innlagnir. Áhersla er á samantektir (töflutímum) við lok hvers námsáfanga. Náms efni er lagt fyrir í tíma og verkefni í kennslubók eða af neti unnin ýmist einstaklingslega eða í hópavinnu.

-Námsefni: Stika 3a, nemendabók og 3a æfingahefti., heimadæmi og annað þjálfunarefni t.d. á netinu (sjá t.d. rasmus.is og vefir.mms.is/staerdfraeditorg/midstig.html).

Grunnþættir menntunar

- Læsi: Að nemandur séu virkir þátttakendur í að umskrifa táknið stærðfræðinnar og öðlast þannig góðan skilning á henni og geta beitt henni í daglegu lífi

- Sjálfbærni: Stærðfræði er mikilvæg til að gera sér grein fyrir og skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari og meðvitaður um gildi samfélagsins t.d. sem tæki til að mæla losun úrgangs.
- Lýðræði og mannréttindi: Mikilvægt er að nemendur beri virðingu hver fyrir öðrum og áhugi nemenda á stærðfræði vakni og þeir beri ábyrgð á eigin námi.
- Jafnrétti: Allt inntak kennslunnar miðast við að jafnréttis sé gætt í hvívetna t.d. hvað varðar orðalag og orðanotkun sem viðhöfð eru í kennslunni.
- Heilbrigði og velferð: Leitast er við að skapa jákvæðan bekkjaranda þar sem hlúð er að þroska og líðan hvers og eins. Reynt er að koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Sköpun: Í stærðfræðinni er markvisst þjálfuð gagnrýn hugsun og til að uppgötva nýja leiðir við úrlausn verkefna. Reynt að vekja forvitni þannig að nemendur takist á við áskoranir með opnum huga.

Námsmat

Í lok hvers kafla eru próf sem metin eru sem hluti af lokaeinkunn. Að vori er lagt fyrir lokapróf sem er einnig hluti af lokaeinkunn nemanda.

Hlutfall námsþátta í lokaeinkunn að vori eru eftirfarandi:

Kaflapróf 5 – 8	35%
Kennaraeinkunn	20% (vinnusemi, virkni, viðhorf)
Vorpróf	50%

Lykilhæfni nemanda er einnig metin þvert á allar greinar á sérstöku námsmatsblaði. Einnig fléttast lykilhæfni inn í lokaeinkunn kennara að vori eins og kemur fram hér að ofan.

Kennsluáætlun

Vikan 24.-27. ágúst	Bls. 8-13
Vikan 30. ágúst – 3. september	Bls. 13-16
Vikan 6.-10. september	Bls. 17-22
Vikan 13.-17. september	Bls. 23-28
Vikan 20.-24. september	Bls. 29-34
Vikan 27. september – 1. október	Bls. 35-43
Vikan 4.-8. október	Bls. 44-55
Vikan 11.-15. október	Bls. 56-65
Vikan 18.-22. október	Bls. 66-73
Vikan 25.-29. október	Bls. 74-84
Vikan 1.-5. nóvember	Bls. 85-95
Vikan 8.-12. nóvember	Bls. 96-106
Vikan 15.-19. nóvember	Bls. 107-116
Vikan 22.-26. nóvember	Bls. 117-127

Vikan 29. nóvember – 3. desember

Bls. Aukaefni

Vikan 6.-10. desember

Undirbúningur fyrir póf og prófdagar

Vikan 13.-17. desember

Jólarí

Með fyrirvara um breytingar

Samfélagsfræði 7. – 8. bekkur

Kennari: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Þrjár kennslustundir á viku

Hæfniviðmið

Reynsluheimur

Að nemandi geti:

- lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður,
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði,
- gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar,
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,

Hugarheimur

Að nemandi geti:

- sett sig í spor fólks með ólíkan bakrunn á völdum stöðum og tímum,

Félagsheimur

Að nemandi geti:

- borið kennsl á ólíkan bakrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og litarháttar,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra,
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.

Skipulag kennslunnar

Um víða veröld – Heimsálfur eftir Hilmar Egil Sveinbjörnsson, efni frá kennara, efni af netinu og valdar heimildamyndir. Farið verður í upphafskafli bókarinnar, *Maður og náttúra*, ásamt köflunum um *Evrópu* og *Asíu*.

Fyrirlestur/umræður, hópvinna, og einstaklingsverkefni.

Námsmat

Einkunnir eru gefnar á bilinu 1 – 10

20% Kennaraeinkunn

20% Verkefni

60% Kaflapróf (20% út hverjum kafla)

Náttúrufræði 7. – 8. bekkur

Kennari: Steinunn Björg Hlífarsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku, þar af ein í kynfræðslu með Bæring Jóni Breiðfjörð Guðmundssyni.

Hæfniviðmið

- geta lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum,
- geta tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræði við lausn annarra verkefna og útskýrt hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu,
- geta sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt,
- geta hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra,
- geta lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd,
- geta gert grein fyrir og nefnt dæmi um hringrás kolefna
- geta gert grein fyrir samspili milli náttúru og daglegs lífs

Grunnbættir menntunar

Heilbrigði og velferð – Að nemendur 1) fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna til þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd og 2) geri sér grein fyrir eigin ábyrg á heilsu og velferð og tileinki sér heilbrigða lífnaðarhætti.

Jafnrétti - Að nemendur þroski með sér virðingu og samkennd gagnvart mönnum, dýrum og umhverfi.

Lýðræði og mannréttindi - Að nemendur 1) taki þátt í lýðræðislegum samræðum um álitamál er tengjast náttúruvísindum og umhverfismálum og 2) hafi val um ákveðna námsþætti og efnistöð.

Læsi - Að nemendur 1) geti lesið einfaldan fræðitexta sér til gagns og geti nýtt sér myndrænar upplýsingar og 2) læri að lesa í náttúruna með því að taka vel eftir því sem þar er.

Sjálfbærni - Að nemendur taki þátt í umfjöllun um umhverfisvernd, loftslagsbreytingar o.fl. og skilji mikilvægi þess að við skilum umhverfinu ekki í lakara ástandi en við tókum við því

Sköpun - Að nemendur vinni verkefni á fjölbreyttan og skapandi hátt, leiti svara, rannsaki og velti vöngum.

Skipulag kennslunnar

Fyrirlestur/umræður, vísindaleg hugsun og aðferðir, tilraunir og skýrslugerð, hópvinna og einstaklingsverkefni. Nemendur vinna verkefni í kennslutímum sem klára þarf heima ef ekki tekst að ljúka þeim í skólanum. Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálshar hendur varðandi nálgun og framsetningu.

Námsefni

Eðlis – og stjörnufræði 1, efni frá kennara, efni af netinu og valdar heimildamyndir.

Námsmat

40% Kennaraeinkunn

40% Kaflapróf

20% Verkefni

Enska 8. bekkur

Kennari: Steinunn Björg Hlífarsdóttir

Fjórar kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

- Hlustun – Að nemandinn geti skilið talað mál um efni er varðar nemandann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- Lesskilningur – Að nemandinn geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- Samskipti – Að nemandinn geti sýnt fram á að vera nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beiti máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur og kunni aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.
- Frásögn – Að nemandinn geti tjáð sig um það sem við kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.
- Ritun – Að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.
- Menningarläsi – Að nemandinn geti sýnt fram á að hann þekk til og skilji allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snýr að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og geti sett sig í þeirra spor.
- Náms hæfni – Að nemandinn geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

Grunnþættir menntunar

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla:

Heilbrigði og velferð – Að nemendur; 1) fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga 2) vinna í textum tengdum heilbrigði og 3) þurfa að tjá sig um sínar skoðanir.

Jafnrétti – Að nemendur 1) þjálfist í samvinnu og læri að hlusta á og virða framlag annarra, og 2) hópa-og paravinnu, þar sem nemendur þurfa að vinna, hlusta og virða skoðanir annarra.

Lýðræði og mannréttindi – Að nemendur hafi val um ýmislegt sem við kemur verkefnavinnu og geta þá valið eftir áhugasviði. Nemendur velja sér einnig kjörbækur og svo eru stærri verkefni sem nemendur vinna út frá áhugasviði.

Læsi – Að nemendur; 1) geti lesið einfalda texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum eða áhugamálum, 2) geti notað hugtök sem unnið hefur verið með og tjáð sig um einföld efni í ræðu og riti og 3) öðlast betri færni í að lesa texta á ensku og að skrifa niður hugsanir frá sjálfum sér.

Sjálfbærni – Að nemendur; 1) átti sig á mikilvægi hvers og eins í að skapa samábyrgt samfélag, 2) læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu og 3) þurfa að takast á við ýmis álitamál og önnur mál sem upp koma.

Sköpun – Að nemendur 1) fái tækifæri til að nota ensku á skapandi hátt og nýti fjölbreytta hæfileika sína við úrlausn verkefna, og 2) vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun (t.d. veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, myndbandagerð og önnur leiklist)

Skipulag kennslunnar

Námsefni: Lesbækur, efni frá kennara (t.d. málfræðihefti, ritunarefni, lesefni), efni af netinu og valdar kvikmyndir.

Nemendur vinna verkefni frá kennara sem þau þurfa að skila á réttum tíma, gera gagnvirkar málfræðiæfingar, ritunarverkefni og hlustunaræfingar í kennslustundum og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.

Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálsar hendur varðandi efnistöð og framsetningu.

Námsmat

10% Kennaraeinkun
25% Verkefni
25% Könnunarpróf
40% Vorpróf

Enska 7. bekkur

Kennari: Steinunn Björg Hlífarsdóttir

Fjórar kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

- Hlustun – Að nemandinn geti skilið talað mál um efni er varðar nemandann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega
- Lesskilningur – Að nemandinn geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum
- Samskipti – Að nemandinn geti sýnt fram á að vera nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beiti máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilji og noti algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur og kunni aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði.
- Frásögn – Að nemandinn geti tjáð sig um það sem við kemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.
- Ritun – Að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.

- Menningarläsi – Að nemandinn geti sýnt fram á að hann þekk til og skilji allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snýr að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og geti sett sig í þeirra spor.
- Náms hæfni – Að nemandinn geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.

Skipulag kennslunnar

Námsefni: Efni frá kennara (t.d. málfræðihefti, ritunarefni, lesefni), efni af netinu og valdar kvikmyndir.

Nemendur vinna í textabækur og verkefnabækur ásamt öðru lesefni, gera gagnvirkar málfræðiæfingar, ritunarverkefni og hlustunaræfingar í kennslustundum og þurfa að vinna í verkefni heima ef þeir ná ekki að ljúka áætlun.

Samvinnuverkefni eru unnin í litlum hópum. Kennari ákveður viðfangsefni en nemendur hafa frjálsar hendur varðandi efnistöð og framsetningu.

Grunnbættir menntunar

Námshæfni kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla:

Heilbrigði og velferð – Að nemendur; 1) fái tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga 2) vinna í textum tengdum heilbrigði og 3) þurfa að tjá sig um sínar skoðanir.

Jafnrétti – Að nemendur 1) þjálfist í samvinnu og læri að hlusta á og virða framlag annarra, og 2) hópa-og paravinnu, þar sem nemendur þurfa að vinna, hlusta og virða skoðanir annarra.

Lýðræði og mannréttindi – Að nemendur hafi val um ýmislegt sem við kemur verkefnavinnu og geta þá valið eftir áhugasviði. Nemendur velja sér einnig kjörbækur og svo eru stærri verkefni sem nemendur vinna út frá áhugasviði.

Læsi – Að nemendur; 1) geti lesið einfalda texta um efni sem tengist þekktum aðstæðum eða áhugamálum, 2) geti notað hugtök sem unnið hefur verið með og tjáð sig um einföld efni í ræðu og riti og 3) öðlast betri færni í að lesa texta á ensku og að skrifa niður hugsanir frá sjálfum sér.

Sjálfbærni – Að nemendur; 1) átti sig á mikilvægi hvers og eins í að skapa samábyrgt samfélag, 2) læra að þau eru ábyrg fyrir sinni hegðun í kennslustundum og fyrir sinni vinnu og 3) þurfa að takast á við ýmis álitamál og önnur mál sem upp koma.

Sköpun – Að nemendur 1) fái tækifæri til að nota ensku á skapandi hátt og nýti fjölbreytta hæfileika sína við úrlausn verkefna, og 2) vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun (t.d. veggspjöld, sögugerð og önnur textagerð, myndbandagerð og önnur leiklist)

Námsmat

Kennaraeinkun, verkefni og próf. Einkunn gefin í árslok

Danska 8. bekkur

Kennari: Björg Kr. Björgvinsdóttir

Þrjár kennslustundir á viku.

Hæfniviðmið

- Hlustun:
Að nemendur geti skilið einfalt mál, um efni sem tengist honum sjálfum og hans nánasta umhverfi.
- Lesskilningur:
Geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs með stuðningi af myndum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Samskipti:
Geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst og geti tekið þátt í samskiptaleikjum.
- Frásögn:
Geti sagt frá sjálfum sér, vinum, fjölskyldu og áhugamálum í einföldu máli.
- Ritun:
Geti skrifað einfaldan texta um sjálfan sig, fjölskyldu og áhugamál með stuðningi af myndum.
- Menningarläsi:
Þekki landfræðilega legu landsins og þekki til þekktra staða.
- Náms hæfni: Geti sett sér einföld markmið, nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og læri að nýta sér titil texta og myndir til að auðvelda námið.

Grunnþættir menntunar

Tungumálakunnátta gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunarþroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Nemendur fá aukið tækifæri til að lesa í og skilja aðra menningarheima. Með fjölbreyttum kennsluháttum fær sköpunargáfa nemenda að njóta sín. Þeir vinna út frá eigin styrkleikum og öðlast færni sem styrkir velferð þeirra og heilbrigðar skoðanir. Með samvinnu og jafningjamati þálfast þeir í að hlusta á og virða skoðanir annara og átta sig á mikilvægi hvers og eins í samfélaginu.

Skipulag kennslunnar

Kennslan er skipulög með fjölbreytta kennsluhætti í huga. Einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, félagakennsla og útikennsla þegar fer að vora. Nemendur fá áætlun. Þar kemur fram hvaða viðfangsefni verður tekið fyrir, hvernig unnið verður úr því og hvernig matið fer fram. Þeir nemendur sem eiga við námsörðuleika að stríða fá sér áætlun þar sem tekið er tillit til þeirra getu en vinna samt með sama viðfangsefni og aðrir nemendur.

Námsgögn: *Smart lesbók og vinnubók, Bordbombe lesbók og verkefni og Snak løs* (leikir og samtalsæfingar). Auk þess verður unnið með verkefni af veraldarvefnum, danska fjölmiðla, danskar kvikmyndir og danska tónlist.

Námsmat

Í námsmatinu er stuðst við fjölbreyttar aðferðir s.s. jafningjamat, sjálfsmat og leiðsagnamat. Nemendur skila t.d. verkefnum skriflega eða munnlega í formi kynninga eða sem upptekið efni s.s stuttmyndir ýmist einstaklingslega eða í hópum.

Einkunn í árslok

Danska 7. bekkur

Kennari: Björg Kr. Björgvinsdóttir

Þrjár kennslustundir í viku.

Hæfniviðmið

- Hlustun:
Að nemendur geti skilið einfalt mál, um efni sem tengist honum sjálfum og hans nánasta umhverfi.
- Lesskilningur:
Geti lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs með stuðningi af myndum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Samskipti:
Geti spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst og geti tekið þátt í samskiptaleikjum.
- Frásögn:
Geti sagt frá sjálfum sér, vinum, fjölskyldu og áhugamálum í einföldu máli.
- Ritun:
Geti skrifað einfaldan texta um sjálfan sig, fjölskyldu og áhugamál með stuðningi af myndum.
- Menningarlausni:
Þekki landfræðilega legu landsins og þekki til þekkra staða.
- Náms hæfni: Geti sett sér einföld markmið, nýtt sér hjálpartæki s.s einfaldar orðabækur og læri að nýta sér titil texta og myndir til að auðvelda námið.

Skipulag kennslunnar

Kennslan er skipulög með fjölbreytta kennsluhætti í huga. Einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, hópvinna, félagakennsla og útikennsla þegar fer að vora. Nemendur fá áætlun fyrir ca. 2 -4 vikur í senn. Þar kemur fram hvaða viðfangsefni verður tekið fyrir, hvernig unnið verður úr því og hvernig matið fer fram. Þeir nemendur sem eiga við námsörðuleika að stríða fá sér áætlun þar sem tekið er tillit til þeirra getu en vinna samt með sama viðfangsefni og aðrir nemendur.

Námshöggn: *Smart lesbók og vinnubók, Bordbombe lesbók og verkefni og Snak løs* (leikir og samtalsæfingar). Auk þess verður unnið með verkefni af veraldarvefnum, danska fjölmiðla, danskar kvikmyndir og danska tónlist.

Grunnþættir menntunar

Tungumálakunnátta gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur vísýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Nemendur fá aukið tækifæri til að lesa í og skilja aðra menningarheima. Með fjölbreyttum kennsluháttum fær sköpunargáfa nemenda að njóta sín. Þeir vinna út frá eigin styrkleikum og öðlast færni sem styrkir velferð þeirra og heilbrigðar skoðanir. Með samvinnu og jafningjamati þálfast þeir í að hlusta á og virða skoðanir annara og átta sig á mikilvægi hvers og eins í samfélaginu.

Námsmat

Í námsmatinu er stuðst við fjölbreyttar aðferðir s.s. jafningjamat, sjálfsmat og leiðsagnamat. Nemendur skila t.d. verkefnum skriflega eða munnlega í formi kynninga eða sem upptekið efni, ýmist einstaklingslega eða í litlum hópum.

Einkunn í árslok.

Skólaíþróttir 7. – 8. bekkur

Kennari: Margrét Ólafsdóttir

Þrjár kennslustund á viku.

Hæfniviðmið

- Gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífennis
- Gert æfingar sem eru tengdar loftháðu þoli sem og loftfirrtu þoli
- Geti gert æfingar sem reyna á stöðuleika útlíma og bols
- Geti gert æfingar tengdar lipurð og samhæfingu
- Sýnt leikni í mismunandi íþróttagreinum
- Sýnt hinar ýmsu sundaðferðir án hjálpartækja
- Farið eftir helstu öryggisreglum bæði í sundlaug og íþróttahúsi

Grunnbættir menntunar

- Læsi: Nemendur geti valið þau tæki og áhöld sem henta hverju sinni, viti hver áhrif hreyfingar eru á líkamann og fái tækifæri til að upplifa hreyfingu og ræða mikilvægi hennar.
- Sjálfbærni: Nemendur geti búið sjálfir til æfingarplan og fylgt því eftir en einnig valið leiki sem veitir þeim ánægju og sem þeim þykir áhugaverður.
- Jafnrétti: Allir fái að stunda íþróttir óháð þjóðerni, trúarbrögðum, kyni og aldri. Nemendur geti farið eftir reglum og unnið á jafnréttisgrundvelli.
- Lýðræði og mannréttindi: Að nemendur geti valið sér hreyfingu við hæfi, geti haft áhrif á leikjaval en einnig hópaskiptingar og lið. Nemendur læri að koma fram við samnemendur og aðra að virðingu og kurteisi.
- Heilbrigði og velferð: Nemendur átti sig á mikilvægi heilbrigðs lífennis og hreyfingu en einnig hversu jákvæð hún er fyrir sál og líkama.
- Sköpun: Geti þróað og hannað leiki og reglur.

Skipulag kennslunnar

Kennsluaðferðir; hópkenntla, innlagnir, verklegar æfingar, herminám o.s.frv.

Skipulag í kennslustofunni; einstaklingsvinna, hópavinna og samvinna

Námsgögn; tæki og tól s.s. flár, núðlur, dýnur, bolta o.s.frv. og leikir

Námsmat

Námsmatsviðmið og matskvarði: Einkunnir frá 1 – 10

Það sem er metið í símati er jákvæðni, virkni, geta og hæfni.